

Miðvikudaginn 18. marz 1964.

Nr. 87/1963. **Bjarni Bjarnason** (sjálfur)

gegn

**Gjaldheimtunni í Reykjavík**

(Guðmundur Vignir Jósefsson hrl.).

Dómenndur:

**hæstaréttardómararnir Þórður Eyjólfsson, Gizur Bergsteinsson  
og Jónatan Hallvarðsson og prófessorarnir Ármann Snævarr og  
Magnús P. Torfason**

Lögtak til heimtu þinggjalda.

### **Dómur Hæstaréttar.**

Hinn 17. nóvember 1962 var framkvæmt lögtak hjá áfrýjanda samkvæmt beiðni stefnda til tryggingar opinberum gjöldum, sem talin voru nema kr. 35.486.00 auk vaxta og kostnaðar. Áfrýjandi skaut lögtaksgerð þessari til Hæstaréttar með stefnu 11. janúar 1963, en er málið skyldi tekið fyrir í Hæstarétti hinn 4. júní 1963, kom áfrýjandi ekki fyrir dóm, og féll málið þá niður, sbr. 39. gr. laga nr. 57/1962. Áfrýjandi skaut málinu af nýju til Hæstaréttar samkvæmt heimild í 36. gr. greindra laga með stefnu 3. júlí 1963. Krefst hann þess, að hin áfrýjaða lögtaksgerð verði felld úr gildi og að stefnda verði dæmt að greiða honum málskostnað fyrir Hæstarétti.

Stefndi krefst þess, að lögtaksgerðin verði staðfest fyrir kr. 31.905.00 og að honum verði dæmdur málskostnaður úr hendi áfrýjanda fyrir Hæstarétti.

Árið 1962 námu opinber gjöld, sem áfrýjanda var gert að greiða og stefnda bar að innheimta, sbr. lög nr. 68/1962 og reglugerð nr. 95/1962, samtals kr. 35.810.00. Áfrýjanda var sendur gjaldheimtuseðill, þar sem nákvæmlega er greint, hverri fjárhæð hin einstöku skattgjöld námu. Þá er þess getið á seðlinum, að áfrýjandi hafi þegar goldið kr. 324.00, og nemi eftirstöðvar hinn 15. ágúst 1962 kr. 35.486.00. Enn segir á seðlinum, að eftirstöðvarnar beri áfrýjanda að greiða þannig: Kr. 8.876.00 hinn 1. september og síðan kr. 8.870.00 hinn 1. dag hvers mánaðar tímabilið október—desember 1962.

Loks greinir á einum stað á seðlinum: „Gjöld samtals 3581“. Kveður stefndi hér vera um ritvillu að ræða. Hafi tölu-stafurinn „0“ fallið niður, en talan eigi að vera „35810“.

Eftir að áfrýjanda barst gjaldseðillinn, sendi hann stefnda tékkávisun, kr. 3.581.00, ásamt svohljóðandi bréfi, dags. 14. september 1962:

„Hér með leyfi ég mér að senda yður tékka á Landsbanka Íslands, útibúið að Laugavegi 77, að fjárhæð kr. 3.581.00 — þrjú þúsund fimm hundruð áttatíu og ein króna, sem fullnaðargreiðslu á kröfu yðar samkvæmt gjaldheimtuseðli 1962, merktum nafnnúmeri 1 2 0 3 5 7 0. Viðeigandi kvittun óskast við tækifæri.“

Stefndi tók við tékkávisun þeirri, sem bréfinu fylgdi, og sendi nýja kvittun ásamt svohljóðandi bréfi, dags. 18. september 1962, er áfrýjandi veitti viðtöku á pósthúsinu í Reykjavík 19. s. m.:

„Hjálagt fylgir kvittun fyrir kr. 3.581.00, er þér hafið í dag greitt upp í gjöld yðar, skv. gjaldheimtuseðli 1962.

Eftirstöðvar af gjöldum yðar 1962 samkvæmt seðlinum og samsvarandi reikningi hér í stofnuninni eru nú kr. 31.905.00“.

Næst gerðist það, að hinn 17. nóvember 1962 fór fram lögtaksgerð hjá áfrýjanda samkvæmt beiðni stefnda, og var lögtak gert í bifreið áfrýjanda, R 4645, til tryggingar opinberum gjöldum 1962, sem þá eru talin að fjárhæð kr. 35.486.00 auk dráttarvaxta og kostnaðar. Kveður stefndi þau mistök hafa orðið, að láðst hafi að draga frá gjöldunum á gjaldheimtuseðli þeim, er fógeti fékk í hendur, framangreinda greiðslu, kr. 3.581.00. Krefst stefndi nú, að lögtaksgerðin verði staðfest, að því er tekur til eftirstöðva, kr. 31.905.00, auk vaxta og kostnaðar.

Áfrýjandi reisir kröfu sína um ógildingu lögtaksgerðarinnar á því, að þar sem hann hafi tekið fram í bréfi sínu frá 14. september 1962, að fjárhæð sú, er hann sendi, kr. 3.581.00, væri fullnaðargreiðsla á kröfum samkvæmt gjaldheimtuseðlinum, þá hafi stefndi með viðtöku fjárhæðarinnar firrt sig rétti til frekari greiðslu. Á þetta verður engan

veginna fallizt. Áfrýjanda var vitanlega ljóst, þrátt fyrir fyrrgreinda talnavillu á einum stað á gjaldheimtuseðlinum, hverri fjárhæð opinber gjöld hans námu samtals, og gat hann ekki vænt þess, að hann væri leystur undan frekari greiðslu, þó að stefndi veitti umræddri fjárhæð, kr. 3.581.00 viðtöku, auk þess sem stefndi hafði ekki heimild til að gefa honum upp neinn hluta af opinberum gjöldum hans. Ber því að staðfesta hina áfrýjuðu lögtaksgerð fyrir kr. 31.905.00 auk dráttarvaxta og kostnaðar.

Áfrýjanda ber að greiða málskostnað fyrir Hæstarétti, og er hann ákveðinn kr. 3.500.00.

#### Dómsorð:

Hin áfrýjaða lögtaksgerð er staðfest, að því er tekur til kr. 31.905.00 auk vaxta og kostnaðar.

Áfrýjandi, Bjarni Bjarnason, greiði stefnda, Gjaldheimtunni í Reykjavík, málskostnað fyrir Hæstarétti, kr. 3.500.00.

Dóminum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

#### Lögtagsgerð fógætadóms Reykjavíkur 17. nóvember 1962.

Ár 1962, föstudaginn 17. nóvember, var fógætaréttur Reykjavíkur settur að Túngötu 16 og haldinn af fulltrúa borgarfógeta, Gísla Símonarsyni, með undirrituðum vottum.

Fyrir var tekið:

Beiðni Gjaldheimtunnar í Reykjavík um að gera lögtak hjá Bjarna Bjarnasyni fyrir:

Opinberum gjöldum samkvæmt gjaldheimtuseðli

nr. 1203 570 1962 ..... kr. 35.486.00

---

Samtals kr. 35.486.00

auk dráttarvaxta og kostnaðar við gerð þessa og eftirfarandi uppboð, ef til kemur.

Til staðar er í réttinum beiðni um lögtakið ásamt tilheyrandi

gjaldseðlum, þingm. nr. 1—2, en lögtaksúrskurður var kveðinn upp þann 19/9 1962 og birtur í dagblöðunum.

.....

Var þá bent á, skrifað upp og virt:

Bifreiðin R 4645.

.....

---

Mánudaginn 23. marz 1964.

Nr. 21/1964. **Áki Jakobsson** (Magnús Thorlacius hrl.)  
 gegn  
**Gunnari Ásgeirssyni (sjálfur).**

**Dómenndur:**

hæstaréttardómararnir Þórður Eyjólfsson, Gizur Bergsteinsson  
 og Jónatan Hallvarðsson og prófessorarnir Magnús P. Torfason  
 og Theodór B. Línal.

Fjárnámsgerð staðfest.

### **Dómur Hæstaréttar.**

Áfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 31. janúar 1964. Krefst hann þess, að hin áfrýjaða fjárnámsgerð verði staðfest og stefnda dæmt að greiða málskostnað í Hæstarétti.

Stefndi hefur sótt dómþing, en eigi haft uppi neinar kröfur né borið fram andmæli gegn lögsmæti fjárnámsgerðarinnar.

Með því að engir gallar eru á hinni áfrýjuðu dómsathöfn, ber að taka kröfu áfrýjanda um staðfestingu hennar til greina. Stefndi hafði áfrýjað fjárnámsgerðinni af sinni hálfu, áður en áfrýjandi tók út áfrýjunarstefnu sína. Hafði áfrýjandi því ástæðu til að bera hina áfrýjuðu dómsathöfn undir Hæstarétt. Ber því að dæma stefnda til að greiða áfrýjanda málskostnað, sem eftir atvikum málsins þykir hæfilega ákveðinn kr. 2000.00.

### **Dómsorð:**

Hin áfrýjaða fjárnámsgerð staðfestist.

Stefndi, Gunnar Ásgeirsson, greiði áfrýjanda, Áka